


# ÁRSSKÝRSLA UM STÖRF FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS



Ferðamálaráð Íslands  
Lækjargata 3  
101 Reykjavík  
S: 552 7488  
F: 5624749

EKKI TIL ÚTLÁNS  
A 6



# FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

## ÁRSSKÝRSLA UM STÖRF FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS 1985

ásamt yfirliti um fjölda erlendra ferðamanna  
og gjaldeyristekjur.

# MEÐLIMIR FERÐAMÁLARÁÐS

Þann 2. júlí 1985 voru samþykkt ný lög um ferðamál sem höfðu í för með sér nokkrar mannabreytingar hvað snerti fulltrúa hinna ýmsu aðila í Ferðamálaráði. Löggin tóku gildi 1. október 1985. Þann 1. nóvember 1985 skipaði Matthías Bjarnason samgönguráðherra nýtt Ferðamálaráð og eftirtaldir menn hættu þá sem fulltrúar í ráðinu:

Jón Gauti Jónsson,  
Logi Kristjánsson,  
Hákon Sigurgrímsson,  
Sigurður Sigurðsson, (varamaður)  
Valdimar Sigmarsson, (varamaður)  
Hans Indriðason, (varamaður)  
Gísli Andrésón, (varamaður)  
Birgir L. Blöndal, (varamaður).

Þessir menn hafa allir unnið bæði vel og lengi að framgangi íslenskra ferðamála. Ég vil því færa þeim bestu þakkir fyrir gott samstarf og störf þeirra í þágu Ferðamálaráðs.

Með hinum nýju lögum um ferðamál er meðlimum fjölgað í 23 og jafnmargir eru skipaðir til vara. Samtals eiga 7 landshlutasamtök á sviði ferðamála fulltrúa í nýja ráðinu. Ennfremur á Reykjavíkurborg nú aðild. Samband íslenskra sveitafélaga á ekki lengur fulltrúa í Ferðamálaráði og Ferðapjónusta bænda tekur sæti Stéttarsambands bænda. Auk þess er þeim fulltrúum sem samgönguráðherra skipar án tilnefningar fjölgað úr 3 í 5 og jafnmörgum til vara.

Ferðamálaráð er nú þannig skipað:

Án tilnefningar:

Kjartan Lárússon, formaður  
Ólafur Steinar Valdimarsson, varaformaður  
Konráð Guðmundsson,  
Erna Aradóttir,  
Ásberg Sigurðsson

varafulltrúar:

Sigríður Snævarr,  
Skúli Þorvaldsson,  
Úlfar Ágústsson,  
Haraldur J. Hamar,  
Sigríður Ingvarsdóttir.

Aðrir meðlimir Ferðamálaráðs samkvæmt tilnefningu:

Félag hópferðaleyfishafa:

Skarphéðinn D. Eypórsson,  
Guðmundur Kerúlf, (varamaður)

Félag íslenskra ferðaskrifstofa:

Böðvar Valgeirsson,  
Íslaug Aðalsteinsdóttir, (varamaður)

Félag leiðsögumanna:

Birna G. Bjarnleifsdóttir,  
Friðrik Haraldsson, (varamaður)

Félag sérleyfishafa:

Ágúst Hafberg,  
Gunnar Sveinsson, (varamaður)

Ferðafélag Íslands:

Lárus Ottesen,  
Sveinn P. Jakobsson, (varamaður)

Flugleiðir h.f.:

Sigfús Erlingsson,  
Vilhjálmur Guðmundsson, (varamaður)

Náttúruverndarráð:

Gísli Gíslason,  
Páll Líndal, (varamaður)

Samband veitinga- og gistihúsa:

Bjarni I. Árnason,  
Áslaug Alfreðsdóttir, (varamaður)

Önnur flugfélög en Flugleiðir h.f.:

Magnús Oddsson,  
Halldór Sigurðsson, (varamaður)

Ferðapjónusta bænda:

Oddný Björgvinsdóttir,  
Kristleifur Þorsteinsson, (varamaður)

Reykjavíkurborg:

Júlíus Hafstein,  
Ómar Einarsson, (varamaður)

Ferðamálasamtök Vesturlands:

Sigurður Skúli Bárðarson,  
Jóhannes Ellertsson, (varamaður)

Ferðamálasamtök Vestfjarða:

Arnór Jónatansson,  
Auðunn Karlsson, (varamaður)

Ferðamálasamtök Norðurlands vestra og eystra:

Auður Gunnarsdóttir,  
Guðmundur Sigurðsson, (varamaður)

Ferðamálasamtök Austurlands:

Rúnar Pálsson,  
Reynir Adolfsson, (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurlands:

Bragi Einarsson,  
Jón Óskarsson, (varamaður)

Ferðamálasamtök Suðurnesja:

Pétur Jóhannsson,  
Axel Jónsson, (varamaður)

Þann 1. júlí 1984 var skipað nýtt Ferðamálaráð og að nýju í nóvember 1985 eins og fyrr segir. Samtals hafa 19 einstaklingar hætt sem fulltrúar í ráðinu á þessu rúma ári. Þó svo að maður komi gjarnan í manns stað er æskilegt að einstakir fulltrúar sitji lengur í ráðinu en raun hefur orðið á að undanförmu. Það tekur óhjá-

kvæmilega nokkurn tíma fyrir nýja menn að kynna sér einstök mál og málaflokka. Af þeim sökum er sá möguleiki fyrir hendi að tíma sé eytt í endurtekna umfjöllun og nauðsynleg stefnumörkun á sviði ferðamála tefjist úr hófi fram. Það er því von mín að nýskipað Ferðamálaráð sitji út kjörtímabilið en það er 4 ár.

Á fyrsta fundi hins nýskipaða Ferðamálaráðs, sem haldinn var á Hótel Sögu þann 21. nóvember 1985, var gengið frá skipan í stjórn og nefndir sem hér segir:

Framkvæmdastjórn:

Kjartan Lárusson, formaður  
Sigfús Erlingsson, Flugleiðir h.f.  
Böðvar Valgeirsson, Fél. ísl. ferðaskrifstofa  
Bjarni Árnason, Samband veitinga- og gistihúsa  
Magnús Oddsson, önnur flugfélög

Til vara:

Júlíus Hafstein, Reykjavíkurborg

Umhverfisnefnd:

Birna G. Bjarnleifsdóttir, formaður  
Oddný Björgvinsdóttir  
Gísli Gíslason

Sjóðsstjórn:

Sigurður Skúli Bárðarson  
Ágúst Hafberg

Til vara:

Júlíus Hafstein  
Skúli Þorvaldsson

Nýjunganefnd:

Konráð Guðmundsson, formaður  
Auður Gunnarsdóttir  
Bragi Einarsson

Þróunar- og skipulagsnefnd:

Skarphéðinn Eypórsson, formaður  
Rúnar Pálsson  
Arnór Jónatansson  
Pétur Jóhannsson  
Erna Aradóttir

Öryggisnefnd:

Ólafur Steinar Valdimarsson, formaður  
Ásberg Sigurðsson  
Lárus Ottesen

# KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR FERÐAMÁLARÁÐS 1985

Á árinu 1985 reyndist kostnaður við rekstur Ferðamálaráðs vera kr. 21.244.015.-. Þessi upphæð skiptist þannig á helstu verkefni ráðsins:

	kr.
Laun og almennur rekstur skrifstofu	5.403.234.-
Landkynning	11.596.512.-
Umhverfismál	2.745.359.-
Önnur starfsemi	1.498.910.-

Baráttan við ríkissjóð um lögbundnar tekjur Ferðamálaráðs hélt áfram á árinu 1985 og segja má að það ár hafi verið háð 10. orustan á þessum vígvelli á jafnmörgum árum. Sú fyrsta fór fram strax á árinu 1976, árið sem ný lög um ferðamál voru samþykkt á Alþingi, sem var ætlað að tryggja ráðinu rekstrargrundvöll og gera því kleyft að sinna lögbundnum verkefnum samkvæmt sömu lögum. Allt þetta 10 ára tímabil hefur það verið lögfest að Ferðamálaráð skyldi fá 10% af söluverðmæti Frihafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Um tíma náðist samkomulag um að ráðið fengi í þess stað 30% af skilafé (hagnaði), en sú upphæð varð mun lægri en lögin kváðu á um. Þegar niðurstöður reksturs Frihafnarinnar árið 1983 lágu fyrir kom í ljós að 30% af skilafé nam hærri upphæð heldur en 10% af söluverðmæti. Við þetta vandaðist málið, því ekki þótti fjárgæslumönnum ríkisins lengur eftirsóknarvert að halda áfram greiðslum til Ferðamálaráðs samkvæmt 30% reglunni, og hreint ekki samkvæmt lagabókstaf, þ.e.a.s. 10% reglunni.

Það væri of langt mál að greina frá öllum þeim fundum og einkaviðræðum sem fram fóru fyrri helming ársins varðandi möguleika á að leysa fjárhagsvanda Ferðamálaráðs. Fyrir velvilja þáverandi fjármálaráðherra, Alberts Guðmundssonar, og með góðri aðstoð Lúðvígs Hjálmtýssonar, fyrrverandi ferðamálastjóra, fékkst loksins nokkur lausn á málinu í lok júlí.

Í sambandi við þessa 10 ára sorgarsögu ber að hafa í huga, að þegar lögin voru samþykkt á Alþingi árið 1976, var söluverð á áfengi og tóbaki hjá Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli hækkað um 10% til þess að mæta þessum lögbundnu greiðslum til Ferðamálaráðs. Mörgum okkar, sem að ferðamálum unnum, þótti þetta hæpin ráðstöfun, m.t.t. samkeppni við frihafnir í nágrannalöndunum, en sýndist þó að tilgangurinn helgaði meðalið. Engum okkar datt í hug að tilgangurinn með þessari ráðstöfun væri að auka tekjur ríkissjóðs af Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli, umfram það sem verið hafði, og Ferðamálaráð yrði eftir sem áður svipt hluta þessa lögbundna tekjustofns. Nú vita menn betur.

Til fróðleiks skulu hér birtar tölur um skerðingu tekna Ferðamálaráðs frá Frihöfninni. Þessar upplýsingar gaf samgönguráðherra á Alþingi sl. vetur.

1. 10% af árlegu söluverðmæti Fríhafnarinnar á Keflavíkurlflugvelli.

1976: Kr. 843.900.-	1982: Kr. 11.190.400.-
1977: Kr. 1.150.900.-	1983: Kr. 19.176.300.-
1978: Kr. 1.901.400.-	1984: Kr. 24.771.300.-
1979: Kr. 2.501.800.-	1985: Kr. 38.195.200.-
1980: Kr. 3.730.300.-	1986: Kr. 32.450.000.- (sbr. fjárlög)
1981: Kr. 6.485.900.-	

2. Heildarframlög ríkisins til Ferðamálaráðs árlega og hlutfall þeirra upphæða af 10% söluverðmæti Fríhafnarinnar.

Heildarframlög ríkisins                      Hlutfall af 10%  
N.kr.

1976	214.142.-	25.4%
1977	684.914.-	59.5%
1978	2.147.727.-	113.0%
1979	810.715.-	32.4%
1980	2.556.993.-	68.5%
1981	2.928.209.-	45.1%
1982	5.889.287.-	52.6%
1983	9.522.656.-	49.7%
1984	19.921.216.-	80.4%
1985	21.094.690.-	55.2%
1986	19.018.000.-	58.6% (sbr. fjárlög)

Í sambandi við ofangreindar upplýsingar verður að hafa í huga að í 8. grein laga um ferðamál er tilgreint til hvaða verkefna tekjum Ferðamálaráðs frá Fríhöfninni skuli varið, svo og að kostnaður af starfsemi ráðsins skuli að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði. Með síðarnefnda ákvæðinu er átt við launakostnað, húsaleigu og annan almennan reksturskostnað.

Til þess að fá rétta mynd af svörum undir lið 2 þarf því að bæta þessum kostnaðarliðum við upphæðirnar sem tilgreindar eru undir lið 1. Sem dæmi má nefna að á yfirstandandi ári er áætlað að þessi hluti kostnaðarins við rekstur Ferðamálaráðs nemi kr. 5.200.000.-. Þegar þeirri upphæð er bætt við áætlað söluverðmæti í ár kemur út talan 37.650.000.- og hlutfall af 10% samkvæmt lið 2 verður 50.7% í stað 58.6%.

Með öðrum orðum er ráðgert að svipta Ferðamálaráð helmingi lögboðinna tekna á árinu 1986 og sennilega snöggum meira, með tilliti til hinnar undarlegu áætlunar í fjárlögum um 15% minna söluverðmæti Fríhafnarinnar en raun varð á árið 1985, þrátt fyrir spár um aukningu íslenskra og erlendra ferðamanna á árinu 1986.

# FUNDAHÖLD FERÐAMÁLARÁÐS

Mikil fundahöld voru á vegum Ferðamálaráðs á árinu. Fulltrúum í ráðinu verður seint fullpakkað fyrir dugnað og áhuga við fundarsóknir. Í því sambandi má minna á að greiðslur fyrir slík störf eru ýmist litlar eða engar og gerist nú fátítt í þjóðfélagi okkar að menn fáist til starfa á þeim forsendum. Eins og fyrr segir lauk kjörtímabili ráðsins þann 30. september 1985. Daginn eftir tóku gildi ný lög um ferðamál. Í þeim er gert ráð fyrir að fundum ráðsins fækki í a.m.k. 4 á ári. Af þessum sökum urðu fundir nokkuð færri á árinu 1985 eða samtals 7. Fjöldi bókaðra funda í stjórn og nefndum var sem hér greinir:

Framkvæmdastjórn: 29 Sjóðsstjórn: 27 Umhverfisnefnd: 17.


## FERÐASÝNINGAR ERLENDIS

Á árinu 1985 tók Ferðamálaráð þátt í eftirtöldum ferðasýningum erlendis:

ITB í Berlín WTM í London TUR í Gautaborg

Í Berlín leigir Ferðamálaráð sýningarbás og býður íslenskum fyrirtækjum á sviði ferðaþjónustu aðstöðu gegn vægu gjaldi. Í London og Gautaborg er sami háttur hafður á, nema að kostnaði er skipt til helminga milli Ferðamálaráðs og Flugleiða h.f. Auk þátttöku í þessum sýningum stóð Ferðamálaráð að Íslandskynningu í 3 borgum í Hollandi (Amsterdam, Rotterdam og Haag) í samvinnu við Arnarflug og íslensk fyrirtæki á sviði iðnaðar og verslunar. Þessar kynningar voru haldnar í tengslum við opinbera heimsókn forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur, til Hollands og þóttu takast vel.

Þátttaka í ferðasýningum erlendis kostar mikið fé. Þegar allur kostnaður íslenskrar ferðaþjónustufyrirtækja við uppihald, ferðakostnað og vinnu er lagður saman hlýtur sú spurning að vakna hvort of miklu sé til kostað á þessum vettvangi og hvort hægt væri að ná sama árangri með breyttu fyrirkomulagi og minni kostnaði. Stefna verður að enn auknu samstarfi og gagnkvæmu trausti á öllum sviðum landkynningar, í ljósi hækkandi tilkostnaðar og aukinnar samkeppni um hylli ferðamannsins.



## NT OG ETC

Ferðamálaráð er aðili að Nordisk Turistråd (NT) og European Travel Commission (ETC). Aðild að báðum þessum samtökum er tvímælalaust íslenskum ferðamálum til framdráttar og kostnaður



tíltölulega lítill. Sem dæmi um starfsemi ETC í Bandaríkjunum má nefna, að samtökin taka árlega þátt í u.þ.b. 25 ferðakynningum fyrir ferðaskrifstofufólk, þar sem öll aðildarlöndin fá tækifæri til að kynna sig og þær ferðir sem boðið er upp á til viðkomandi lands.

Hvað viðkemur samstarfi Norðurlanda á vettvangi NT má segja að nokkur brestur hafi komið í það samstarf í sambandi við sameiginlega norræna auglýsinga- og söluherferð í Vestur-Þýskalandi, sem ákveðið hafði verið að stæði yfir á árunum 1986-1988. Árlegt framlag að upphæð norskar kr. 5.000.000.- fékkst úr sjóðum Norðurlandaráðs, á þeim forsendum að stefnt skyldi að aukningu ferðamanna til Norðurlandanna utan hins hefðbundna ferðamannatímabils, og skapa með því ný atvinnutækifæri. Á móti skyldi koma jafnstórt framlag frá Ferðamálaráðum Norðurlandanna og yrðu þá norskar kr. 30 milj. til ráðstöfunar á þessu 3ja ára tímabili. Á fundum NT náðist fljótt samkomulag um að árlegt framlag Ferðamálaráðs Íslands skyldi vera n.kr. 200.000.- og hvert hinna Norðurlandanna skyldi greiða n.kr. 950.000.- á ári. Mikil undirbúningsvinna var framkvæmd fyrri hluta ársins 1985 en á fundi ferðamálastjóra Norðurlanda í Kaupmannahöfn þann 30. júlí, sem undirritaður hafði ekki tækifæri til að sækja, var samþykkt að herferðin skyldi framkvæmd undir nafninu „Skandinavien“ og „Skandinavische Sommer“ og allur áróður miðaður við þessi heiti. Til að gera langa sögu stutta varð niðurstaða málsins sú, að Ferðamálaráð hætti við þátttöku í herferð þessari á hendur Vestur-Þjóðverjum, eftir að gerðar höfðu verið árangurslausar tilraunir af okkar hálfu til að ná samkomulagi um hlutlaust heiti á þessu merka framtaki. Segja má að í þessu máli hafi fögur hugsjón um norræna (ekki skandinaviska) samvinnu á jafnréttisgrundvelli brugðist okkur Íslendingum í verki og minnt óþægilega á fyrri deilur Íslendinga við „skandinavisku“ löndin á sviði flugmála. Ástæða þess að ég hefi eytt nokkru rými í að greina frá þessu máli er sú, að mér þótti rétt að atburðarásin, ásamt skýringum, væri fest á blað, til athugunar og eftirbreytni í framtíðinni.

## SKRIFSTOFUR ERLENDIS

Áfram var haldið rekstri landkynningarskrifstofunnar í New York, í samvinnu við hin Norðurlöndin. Forstöðumaður skrifstofunnar er Unnur Georgsson og hefur hún staðið sig með miklum ágætum í því starfi. Ferðamálaráð annarra Norðurlanda gerast nú stöðugt ásæknari í að hlutur Ferðamálaráðs Íslands í sameiginlegum kostnaði verði hækkaður, en hann hefur frá upphafi verið 1% af sameiginlegum reksturskostnaði, eins og raunar er algengt á ýmsum sviðum norrænnar samvinnu, en 5% af sameiginlegum útgáfukostnaði. Til þessa hefur tekist að verjast þessari ásækni, en fari svo að umtalsverð hækkun verði gerð að skilyrði fyrir áframhaldandi þátttöku af Íslands hálfu, verður að taka þátt okkar í þessu samstarfi til gaumgæfilegrar endurskoðunar.

Þann 28. febrúar 1985 var opnuð landkynningarskrifstofa í Hamborg og veitti Ómar Benediktsson henni forstöðu. Ómar hóf störf




1. júlí 1984 og hefur unnið ótullega og af mikilli ósérhlífni að framgangi íslenskra ferðamála á meginlandi Evrópu. Þegar þetta er ritað er Ómar um það bil að hætta störfum hjá Ferðamálaráði og er mér bæði ljúft og skylt að þakka honum farsæl störf í þágu íslenskra ferðamála og óska honum brautargengis á nýjum starfsvettvangi.

Ákvörðun var tekin um að framlengja ekki samning við Danmarks Turistråd um sameiginlegan rekstur landkynningarskrifstofu í Zürich, en sá samningur rann út um sl. áramót. Danmarks Turistråd hafði hækkað hlut okkar í reksturskostnaði um liðlega helming fyrir árið 1985 og boðaði enn frekari hækkunir á árinu 1986. Það þótti því vænlegri kostur að sinna upplýsingaþörfinni í Sviss með nánari samvinnu við Flugleiðir eða Arnarflug, í samræmi við ákvæði í samningnum um rekstur landkynningarskrifstofu í Evrópu, eða að öðrum kosti frá landkynningarskrifstofunni í Þýskalandi. Ákvörðun hefur þó ekki verið tekin þegar þetta er ritað.

## UMHVERFISMÁL Á ÍSLANDI

Annað árið í röð var umtalsverðum fjármunum varið til umhverfismála eða samtals kr. 2.745.359.-. Umhverfisnefnd Ferðamálaráðs starfaði af miklum dugnaði undir forystu Birnu Bjarnleifsdóttur. Með henni í nefndinni sátu Lárus Ottesen, Gísli Gíslason, Skarphédinn Eypórsson og Hákon Sigurgrímsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðmundur Magnússon kennari og starfaði hann í 3 mánuði. Mikill fjöldi umsókna um fjárhagsaðstoð barst skrifstofu Ferðamálaráðs. Umhverfisnefndin fjallaði um flest þessara erinda og gerði síðan skriflegar tillögur til ráðsins um samþykki eða synjun. Flestir styrkir voru veittir vegna nýrra tjaldsvæða, eða lagfæringa á eldri tjaldsvæðum, og til að bæta hreinlætisaðstöðu, en einnig voru veittir styrkir til lagninga nýrra gönguleiða og lagfæringa á eldri leiðum, ásamt uppsetningu leiðbeininga- og viðvörðunarskilta. Kjörtímabili umhverfisnefndar lauk 30. september og ný nefnd hefur verið kjörin. Birna Bjarnleifsdóttir gegnir áfram formennsku í þessari þýðingarmiklu nefnd.

Þó svo umtalsverðum fjárhæðum hafi verið varið til umhverfismála á árunum 1984 og 1985 skortir mikið á að það hafi nægt til nauðsynlegra lagfæringa og framkvæmda. Þörfin er og verður áfram mikil á þessum vettvangi svo hægt sé að veita ferðafólki skammlausa þjónustu og sinna frumþörfum þess. Auk þess er ástand lands víða þannig á fjölsóttum ferðamannastöðum, að ekki verður lengur undan því skotist að hefja verndunaraðgerðir til að forða varanlegum spjöllum.



# FERÐAMÁLASJÓÐUR

Kjörtímabili sjóðsstjórnar Ferðamálasjóðs lauk 30. september. Hún var skipuð Bjarna I. Árnasyni formanni, Lárusi Ottesen og Loga Kristjánssyni. Starfsmaður sjóðsins var Guðmundur Magnússon. Yfirlit það sem hér fer á eftir nær því aðeins til ofangreinds dags.

Leiðir Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs skildu að nokkru leyti þann 1. október 1985 með gildistöku nýrra laga um ferðamál. Með þeim lögum er ákvarðanaréttur Ferðamálaráðs um lánveitingar felldur úr gildi og færður yfir til samgönguráðherra. Það er ekkert leyndarmál að undirritaður er þeirrar skoðunar, að hér sé vægast sagt um vafasama ráðstöfun og jafnvel óæskilega að ræða, sem sé til þess eins fallin, að skilja að tvo þá þætti í uppbyggingu íslenskrar ferðapjónustu, sem nauðsynlegt er að séu í sem nánustum tengslum hvor við annan.

Á ofangreindu tímabili gerði stjórn sjóðsins tillögu til Ferðamálaráðs um 38 lánveitingar. Af þeim komu 31 til útborgunar, samtals kr. 61.627.000.-. Á árinu 1984 gerði stjórn sjóðsins tillögur um lán til 23 aðila að upphæð samtals kr. 35.458.000.- og er því um að ræða 74% hækkun í krónufjölda milli ára. Upphæð sú sem kom til skipta á árinu 1985 var að stærstum hluta tekin að láni hjá Framkvæmdasjóði Íslands, enda sýndi Alþingi og ríkisstjórn ennþá einu sinni áhugaleysi sitt á uppbyggingu og framgangi íslenskra ferðamála með því að fella niður lögbundið og óafturkræft framlag til Ferðamálasjóðs.

Lánveitingar skiptust milli landshluta á árunum 1985 og 1984 sem nú skal greina:

	1984	%	1985	%
Reykjavík	9.500.000.-	27.0	22.250.000.-	36.1
Vesturland	1.750.000.-	5.0	4.200.000.-	6.8
Vestfirðir	500.000.-	1.0	1.850.000.-	3.0
Norðurland				
vestra	2.122.000.-	6.0	777.000.-	1.3
Norðurland				
eystra	9.926.000.-	28.0	22.450.000.-	36.4
Austfirðir	3.260.000.-	9.0	3.300.000.-	5.4
Suðurland,				
Vestm.eyjar	7.400.000.-	21.0	1.900.000.-	3.1
Reykjanes	1.000.000.-	3.0	4.900.000.-	7.9
	35.458.000.-	100.0	61.627.000.-	100.0


Eins og fyrr segir skilja nú leiðir Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs eftir liðlega 20 ára óslitna sambúð. Vonandi verður samt áfram um náð samstarf að ræða. Sögu sjóðsins frá upphafi má lesa í öllum meginatriðum í ársskýrslum Ferðamálaráðs, allt frá árinu 1964, og er þar að finna hina athyglisverðustu lesningu í ýmsu tilliti.

Undirritaður vill beina þeim vinsamlegu tilmælum til nýrrar sjóðsstjórnar, að haldið verði áfram skráningu heimilda varðandi verkfni Ferðamálasjóðs, í líkingu við það sem verið hefur.



# FJÖLDI ERLENDRA FERÐAMANNA TIL LANDSINS

Á árinu 1985 heimsóttu 97.443 erlendir ferðamenn Ísland en það er 14.2% aukning miðað við árið 1984. Á sl. 3 árum hefur erlendum gestum okkar fjölgað um 34.2%.




	1985	1984	Breyting %
Bandaríki Norður-Ameríku	31.633	27.293	15.9
Önnur lönd í Ameríku	1.617	1.299	24.5
Danmörk	9.946	7.759	28.2
Svíþjóð	8.167	6.699	21.9
Noregur	7.665	6.055	26.5
Finnland	2.596	2.003	29.4
Stóra-Bretland	9.720	9.398	3.4
Írland	320	226	41.6
Vestur-Þýskaland	9.419	9.615	-2.0
Frakkland	4.483	4.846	-7.5
Belgía	594	499	19.0
Holland	1.653	1.610	2.6
Luxemborg	147	88	67.0
Austurríki	2.235	1.473	51.7
Sviss	2.744	2.689	2.0
Ítalía	1.170	1.033	13.2
Spánn	457	277	64.9
Portúgal	76	65	16.9
Grikkland	66	66	0.0
Sovétríkin	204	211	-3.3
Pólland	116	140	-17.1
Austur-Þýskaland	45	31	45.1
Júgóslavía	157	105	49.5
Tékkóslóvakía	56	76	-26.3
Búlgaría	12	15	-20.0
Ungverjaland	31	62	-50.0
Rúmenía	3	7	-57.1
Afríka-Asía	1.545	1.179	31.0
Ástralía-Nýja Sjáland	536	424	26.4
Aðrir	30	47	-36.1
<b>Samtals</b>	<b>97.443</b>	<b>85.290</b>	<b>14.2</b>

Varðandi nánari upplýsingar um skiptingu gesta okkar eftir þjóðernum vísast til línurita 1,2,3,4 og 5.


Auk þess komu 19 skemmtiferðaskip til landsins árið 1985 og með þeim 10.823 farþegar.

# LÍNURIT


Línurit 1. Ferðamenn til og frá Íslandi árin 1966 til 1985.




Línurit 2. Fjöldi ferðamanna frá Norðurlöndum árin 1970 til 1985




**Línurit 3.** Fjöldi ferðamanna frá nokkrum löndum árin 1970 til 1985



**Línurit 4.** Erlendir ferðamenn til Íslands eftir mánuðum




**Línurit 5.** Erlendir ferðamenn til Íslands eftir mánuðum



# GJALDEYRISTEKJUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Gjaldeyrstekjur af þjónustu við erlenda ferðamenn reyndust vera kr. 3.101.000.00 á árinu 1985. Aukningin frá árinu 1984 er 19.3% og hafa tölur þessa árs þá verið umreiknaðar til meðalviðskiptagengis ársins 1985. Sé sú reiknisaðferð ekki notuð er aukning gjaldeyrstekna kr. 1.084.000.00 sem jafngildir 53.7%. Í ofangreindum tölum er ekki tekið tillit til „duldra gjaldeyrstekna“ og má því ætla að heildargjaldeyrstekjur þjóðarinnar vegna seldrar þjónustu til erlendra ferðamanna hafi verið 3.5 milljarður króna á árinu 1985. Svo virðist því sem tekjur okkar af viðskiptum við erlenda ferðamenn hafi nú í fyrsta skipti numið hærri upphæð en við Íslendingar notuðum til ferðalaga erlendis. Hér er vissulega um athyglisverðan árangur að ræða sem fáar þjóðir geta hrósað sér af.



Eftirfarandi yfirlit sýnir tekjur af erlendum ferðamönnum á árinu 1985 samkvæmt gjaldeyriskaupum bankanna vegna útgjalda erlendra ferðamanna hér á landi. Til samanburðar eru sýndar tölur ársins 1984 umreiknaðar til sambærilegs gengis, það er meðalviðskiptagengis 1985 samkvæmt vísitölu meðalgengis.

## Gjaldeyriskaup bankanna vegna erlendra ferðamanna

Í milj.kr.	1984	1985
Keypt af frihöfn, Keflavíkurlflugvelli	128	128
Keypt af Íslenskum markaði, Keflavíkurlfl.	82	106
Keypt af ferðaksrifstofum	184	222
Keypt af hótélum	85	75
Keypt af verslunum	70	69
Keypt af bílaleigum	12	14
Keypt vegna veiðileyfa	36	35
Keypt af öðrum	795	1093
<b>Samtals</b>	<b>1392</b>	<b>1742</b>

Auk framangreindra gjaldeyriskaupa bankanna vegna erlendra ferðamanna námu kaup erlendra ferðamanna á íslenskum peningaseðlum erlendis 19 m.kr. á árinu 1985 á móti 17 m.kr. 1984 reiknað á gengi ársins 1985.

**Framangreind gjaldeyriskaup bankanna vegna erlendra ferðamanna á árinu 1985 sundurliðast þannig eftir gjaldmiðlum:**

	Í milj.ísl.kr.
Í Bandaríkjadollurum	943
Í Sterlingspundum	169
Í Kanadadollurum	14
Í dönskum krónum	126
Í norskum krónum	70
Í sænskum krónum	54
Í finnskum mörkum	8
Í frönskum frönkum	57
Í belgískum frönkum	10
Í svissneskum frönkum	46
Í hollenskum gyllinum	20
Í vestur-þýskum mörkum	204
Í ítölskum lírum	3
Í austurrískum schillingum	7
Í spönskum pesetum	8
Í írskum pundum	1
Í öðrum myntum	2
Samtals	<u>1742</u>

Tekjur íslenskra flugfélaga af fargjöldum erlendra ferðamanna milli Íslands og umheimsins hafa verið lauslega áætlaðar 1340 m.kr. á árinu 1985 á móti 1191 m.kr. á árinu 1984 umreiknað til 1985 gengis.

Á árinu 1985 nam gjaldeyrissala bankanna til almennra ferðalaga og verslunar- og viðskiptaferða 3190 m.kr. samanborið við 2775 m.kr. á árinu 1984 reiknað á 1985 gengi. Auk þess nam sala á íslenskum peningaseðlum erlendis 2 m.kr. á árinu 1985 á móti 1 m.kr. árið áður.

Sundurliðun á gjaldeyrissölu bankanna vegna ferðakostnaðar eftir gjaldmiðlum á árinu 1985 er sýnd á eftirfarandi yfirliti:

**Gjaldeyrissala bankanna vegna ferðakostnaðar 1985 skipt á gjaldmiðla**

	Í milj.kr.
Í Bandaríkjadollurum	1605
Í Sterlingspundum	409
Í Kanadadollurum	3
Í dönskum krónum	270
Í norskum krónum	59
Í sænskum krónum	78
Í finnskum mörkum	7
Í frönskum frönkum	45
Í belgískum frönkum	21
Í svissneskum frönkum	11
Í hollenskum gyllinum	76
Í vestur-þýskum mörkum	361
Í ítölskum lírum	34
Í austurrískum schillingum	24
Í portúgölskum escudos	6
Í spönskum pesetum	179
Í öðrum gjaldmiðlum	2
Samtals	<u>3190</u>



# FERÐAMÁLASAMTÖK

Með stofnun Ferðamálasamtaka Austurlands á árinu náðist það markmið að stofna ferðamálasamtök í öllum kjördæmum landsins. Samkvæmt nýju lögunum um ferðamál eiga þau nú öll fulltrúa í Ferðamálaráði og er það merkur áfangi á sviði uppbyggingar ferðapjónustu í landinu. Ekki fer á milli mála að stofnun landshlutasamtaka um ferðamál hefur orðið til þess að auka til mikilla muna áhuga og skilning á ferðapjónustu sem atvinnugrein. Ég er því enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða eitt merkasta gæfuspor á sviði íslenskra ferðamála frá upphafi. Næsta skrefið er að marka stefnu varðandi samstarf Ferðamálaráðs og ferðamálasamtakanna og tryggja þeim síðarnefndu fjárhagslegan starfsgrundvöll. Að því er nú unnið.



## EITT OG ANNAD

Flest af því sem hér verður talið upp, svo og margt fleira frá starfseminni á árinu, er að finna í fundargerðum Ferðamálaráðs, stjórnar þess og nefnda, og skal því stiklað á stóru.

### Styrkir:

Á undanförunum árum hefur það færst í vöxt að nemendur í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hafa valið að fjalla um ferðamál frá ýmsum sjónarhornum í lokaritgerð til prófs í viðskiptafræði. Þetta sýnir vaxandi skilning og áhuga ungs fólks á ferðaþjónustu. Ferðamálaráð veitti 3 einstaklingum fjárstyrk til slíkra verka á árinu.


Á árinu 1985 var ákveðið að verja kr. 800.000.- til að tryggja umfjöllun og auglýsingu á Íslandsferðum í ferðabæklingum erlendra ferðaheildsala og smásala. Styrkurinn skiptist á milli 16 slíkra aðila í Evrópu. Ennfremur var ferðamálafélögum og ferðamálasamtökum í mörgum landshlutum hér heima veitt fjárhagsaðstoð til prentunar bæklinga og til annarrar starfsemi.

### Fræðsluefni:

Ferðamálaráð gaf út svonefndan öryggisbækling á 4 erlendum tungumálum og sá Birna Bjarnleifsdóttir um að ritstýra honum. Í bæklingnum er að finna leiðbeiningar og aðvaranir til erlendra ferðamanna, ekki síst þeirra sem ferðast um landið á eigin vegum. Bæklingur sem þennan hefur okkur vantað lengi og er vel að hann hefur nú séð dagsins ljós.

Gefin var út nýr og endurbættur bæklingur með nákvæmum upplýsingum um tjaldsvæði og sá Eiríkur Eyvindsson á Laugarvatni um að búa hann til prentunar. Í samvinnu við Iceland Review var gefinn út bæklingur á ensku um möguleika á veiði í ám, vötnum og sjó og var hann sendur út með tímaritinu til yfir 20.000 áskrifenda, en auk þess dreift í svipuðu magni sem sérprentun. Að öðru leyti var um að ræða endurprentun á landkynningarbæklingnum ráðsins, auk útgáfu bæklingins „Practical Information“ sem kemur út árlega á fjórum tungumálum. Það er orðið mjög aðkallandi verkefni að Ferðamálaráð gefi út nýjan og veglegan landkynningarbækling og verður reynt að hefja undirbúning þess verks á yfirstandandi ári, eftir því sem bágborinn fjárhagur ráðsins leyfir.

Fjórir menn frá kanadíska sjónvarpsþættinum „Red Fisher Show“ dvöldu hér í 1 viku og gerðu 2 sjónvarpsþætti, sem fjalla um veiði í sjó, ám og vötnum, og kostaði Ferðamálaráð dvöl þeirra hér á landi, en Flugleiðir létu í té farseðla án endurgjalds á milli Bandaríkjanna og Íslands, auk flutnings á innanlandsleiðum. Auk þess hafði Ferðamálaráð afskipti og kostnað af heimsóknnum fjölda erlendra blaðamanna frá dagblöðum, tímaritum og útvarpsstöðvum, bæði frá Evrópu og Bandaríkjunum.



### **Fjölmiðlamaður ársins:**

Magnús Magnússon sjónvarpsmaður og rithöfundur í Skotlandi hlaut fjölmiðlabikar Ferðamálaráðs fyrir árið 1984. Magnús er vel að þessum heiðursverðlaunum kominn. Hann hefur unnið íslenskum ferðamálum ómetanlegt gagn, sem seint verður fullþakkað, með sjónvarpsþáttum og ritstörfum um Ísland í Bretlandi.

### **Svæðisleiðsögumenn:**

Á árinu skipaði Ferðamálaráð Birnu Bjarnleifsdóttur, Jón Böðvarsson og Böðvar Valgeirsson í nefnd til að semja drög að reglugerð um störf og menntun svæðisleiðsögumanna. Áður hafði verið haldið námskeið í Keflavík og Húsavík fyrir væntanlega svæðisleiðsögumenn. Drögin voru send samgönguráðuneyti með bréfi þann 1. nóvember með ósk um útgáfu reglugerðar til löggildingar starfans.

Námskeið fyrir leiðsögumenn hófst haustið 1985 og lýkur því vorið 1986. Er þess að vænta að þá útskrifist að minnsta kosti 30 nýir leiðsögumenn en skortur var á fólki til leiðsagnar ferðamanna sumarið 1985.

## **LOKAORÐ**

Þegar unnið er við að semja ársskýrslu sem þessa orkar vitaskuld ávallt nokkurs tvímælis hvað skuli tíunda og hverju sleppt. Í þessu tilliti er innihaldið alfarið á ábyrgð undirritaðs. Eins og fyrr segir er nánari upplýsingar um hin fjölmörgu verkefni Ferðamálaráðs að finna í fundargerðum stjórnar og nefnda og geta þeir sem þess óska því leitað nánari skýringa á umræðum og ákvörðunum í þeim plöggum.

Fjárhagsvandi Ferðamálaráðs hefur verið ofarlega í huga mínum á meðan á skýrslugerð þessari hefur staðið. Glíman við þennan Glám íslenskra ferðamála tók allt of mikinn tíma frá arðbærum störfum hér á skrifstofunni svo og frá þeim mönnum sem sitja í stjórn Ferðamálaráðs á árinu 1985. Tilgangurinn með endurskoðun laga um ferðamál sem tóku gildi sl. haust var fyrst og fremst sá, að tryggja ráðinu lögbundnar tekjur frá Frihöfninni á Keflavík-urflugvelli. Hin nýja lagagrein varðandi þetta atriði hefur til þessa verið sniðgengin af fjárveitingarvaldinu jafn fimlega og eldri lagagrein um sama efni. Eins og nú horfir mun skerðing lögbundinna tekna Ferðamálaráðs nema um það bil 20 milljónum króna á árinu 1986 og er það 50% þeirrar upphæðar sem reikna mátti með. Ennþá lifa forystumenn á sviði íslenskrar ferðapjónustu í þeirri trú og von að landsfeðurnir sjái nauðsyn þess og hagkvæmni fyrir þjóðarbúið að byggja upp öflugra ferðapjónustu í landinu, ekki aðeins til að þjóna erlendum ferðamönnum heldur engu síður okkur Íslendingum sjálfum. Slíkt tekst aldrei með þeim vinnubrögðum sem tíðkuð hafa verið sl. 10 ár. Allar nauðsynlegar umbætur og uppbygging á sviði ferðamála verður að skipuleggja

langt fram í tímann. Að öðrum kosti verða framkvæmdir handa-  
hófskenndar og eyðsla fjármuna nær ekki tilgangi né markmið-  
um. Því verður að tryggja íslenskri ferðaþjónustu nauðsynlegt  
fjármagn til a.m.k. 3ja til 5 ára í senn.

Þegar þetta er ritað ríkir nokkur óvissa um fjölda erlendra ferða-  
manna á árinu 1986. Fækkun ferðamanna frá Bandaríkjunum  
vegna hryðjuverka í Evrópu og víðar getur haft alvarlegar  
afleiðingar fyrir okkur en þeir voru um það bil þriðjungur gesta  
okkar á árinu 1985. Þreföldun flugvallarskattsins er alvarleg aðför  
að íslenskum ferðamálum sem vekur gremju og andúð, enda er  
sú ráðstöfun óverjandi í öllu tilliti. Hafi tilgangurinn verið að tak-  
marka ferðir erlendra manna til Íslands og Íslendinga til annarra  
landa er ekki ósennilegt að það heppnist að nokkru leyti.

Þrátt fyrir fjárhagsvanda Ferðamálaráðs og skilningsleysi stjórn-  
valda á flestum sviðum hef ég ennþá eitt árið haft ánægju af að  
starfa að íslenskum ferðamálum. Við þessa atvinnugrein vinnur  
mikill fjöldi dugandi fólks sem veit að það er að byggja upp og  
skapa þátt í íslensku atvinnulífi sem verður í framtíðinni einn af  
hornsteinunum í öflun tekna fyrir þjóðarbúið. Öllum þessum aðil-  
um vil ég þakka ánægjuleg samskipti í hvívetna.

Síðast en ekki síst vil ég þakka stjórn Ferðamálaráðs og öllum full-  
trúum í ráðinu fyrir ágæta samvinnu.

Reykjavík í apríl 1986

Birgir Þorgilsson  
ferðamálastjóri.

